



Endurheimt staðargróðurs á framkvæmdasvæðum. Steinunn Garðarsdóttir, Landbúnaðarháskóli Íslands – apríl 2021.

Ágrip skýrsluhöfundar:


Megintilgangur VegVist verkefnisins var að stuðla að aukinni endurheimt staðargróðurs við frágang á vegsvæðum með markvissri þekkingaröflun og miðlun þekkingar á mismunandi aðferðum við vistvænar lausnir á uppgræðslu vegfláa og annarra svæða sem raskast við framkvæmdir.

Árið 2018 var ráðist í endurbætur á þeim hluta Þingvallavegar sem liggur um Þjóðgarðinn. Framkvæmdin er langstærsta vegaframkvæmd hér á landi þar sem heilar gróðurtorfur af vegsvæði eru nýttar við frágang á vegfláa og markar þannig tímamót við endurheimt staðargróðurs í vegframkvæmdum. Þessi aðferð kallaði á nýja nálgun og talsvert mikla breytingu á vel þekktum verkferlum í sambærilegum verkefnum. Stærsta skrefið virtist felast í hugarfarsbreytingu í skipulagsferlinu en með því að deila þverfaglegri þekkingu myndaðist skilningur sem varð til þess að framkvæmdin gekk að mestu vandræðalaust fyrir sig. Greining á innleiðingarferlinu gefur vísbendingar um að þverfagleg samvinna í öllu ferlinu – skipulagi, framkvæmd og eftirliti séu lykilinn að góðum árangri.

Fyrstu niðurstöður gróðurmælinga benda til þess að góður árangur hafi náðst við endurheimt á sambærilegu gróðurfari í vegfláa og í aðliggjandi, óröskuðu gróðurlendi. Það rímar við niðurstöður fyrri verkefna um árangur af flutningi gróðurtorfa. Aðeins tveimur árum eftir framkvæmd virðist það rask sem átti sér stað vera byrjað að ganga til baka og tegundasamsetning í vegfláanum að færast í átt að tegundasamsetningu í grenndargróðri. Greining á ásýnd styður þessa niðurstöðu. Tegundir úr grenndargróðri virðast skila sér inn í vegfláann og ekkert bendir til að rasktegundir séu að taka yfir í vegfláanum. Það ber þó að túlka þessar niðurstöður með fyrirvara þar sem mælingar náðu yfir stutt tímabil og endurtekningar voru af skörnum skammti. Enn sem komið er, er eingöngu hægt að segja til um skammtímaárangur og mikilvægt að halda vöktun áfram og endurtaka mælingar þegar lengra er liðið frá framkvæmdartíma til að fylgjast með hvort sú þróun sem á sér stað haldi áfram í sömu átt.



Ásýnd vegfláa einu ári (efri mynd) og tveimur árum (neðri mynd) eftir framkvæmd.



Hnitunargreining (PCA) á þekju æðplantna og mosa í vegfláa og aðliggjandi óröskuðu gróðurlendi. Niðurstöður endurtekinnar mælinga á vegfláum eftir tvö ár benda til þess að gróðurfarið geti þróast tiltölulega fljótt til baka í átt að grenndargróðrinum.